

Tillögur frá Ungmennaráði Hafnarfjarðar til ÍTH og Fjölskylduráðs

Útihátíð á Thorsplani með áherslu á ungt fólk – Íþróttá- og tómskundanevnd

Er í skoðun.

Nýr almenningsgarður – Dverglóð – Fjölskylduráð og ÍTH

Fjölskylduráð hefur tekið afar jákvætt í verkefnið og vísað því til skrifstofu æskulýðsmála til að fylgja henni eftir. Vinnuskóli og ungmennaráð hafa skoðað það frekar og ljóst er að það þarf aukið fjármagn til að vinna að verkefninu. Sótt verður um fjármagn í fjárhagsáætlunarvinnunni framundan.

Sameiginleg „opin hús“ í félagsmiðstöðum

Tillagan verður skoðuð nánar hjá nemendaráðum og starfsmönnum félagsmiðstöðva. Þess ber að gera að dagskrá félagsmiðstöðva er að mestu ákveðin af unglíngum og fátt því til fyrirstöðu að framkvæma slíkt.

Fjölbreyttara starf innan ÍTH unglíngavinna

Nú í sumar voru starfræktir fjölmargir hópar innan Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Fjölmíðlahópur, Competó – Jafningjafræðsla, Listahópur, Morgunhópur, Ferðamálahópur, leikjanámskeið og Verkherinn nánari umfjöllun um þessa hópa má lesa í yfirliti yfir sumarstarf Vinnuskólans 2013. Auk þessa voru afar margir unglíngar að vinna hjá Íþróttafélögum bæjarins í sumar að eigin vali. Til stendur að gefa öllum tækifæri næsta vor að sækja um í þessa hópa en ljóst er að ekki komast allir að. Stjórnendur Vinnuskólans hafa aukið fræðslu innan sumarstarfsins og hyggjast halda því áfram næsta sumar.

Skatepark – Fjölskylduráð og Íþróttá- og tómskundanevnd

Búið er að undirrita samstarfssamning við Brettafélag Hafnarfjarðar varðandi nýja inniaðstöðu við Flatahraun þar sem Björgunarsveit Hafnarfjarðar er til hús. Vinna við opnun er hafinn og má búast við að ÍTH standi fyrir opnu húsi þarna auk þess sem áhugasamir geta gengið í Brettafélagið og stundað skipulagðar æfingar.

Körfuboltavellir – Fjölskylduráð og Íþróttá- og tómskundanevnd

Fjölskylduráð beinir því jafnframt til umhverfis og framkvæmda að yfirfara körfuboltaaðstöðu á almenningsvæðum og ráðast í lagfæringar og endurnýjun þar sem þess er þörf